



Til: egill@skipulag.is, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>  
Efni: Framleiðsla Laxa fiskeldis á 3.800 tonnum af laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði, matsáætlun  
Upplýsingar: Sent: 18-06-2019 13:45:13 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019050048, Bréfalyklar: 42-0 almennt

Tilvísun í mál: 2019050048

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 24. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir framleiðslu Laxa fiskeldis á 3.800 tonnum af laxi í sjókvíum í Fáskrúðsfirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda matsáætlun og telur að í henni sé komið inn á flest það sem fjalla þarf um í matsskýrslu en vill þó benda á eftirfarandi atriði. Í matsáætluninni í kafla 3.1. er ekki fjallað um lög um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 en eðlilegt er að fjallað sé um þau og stöðu þeirra í þessu sambandi. Einnig vill Náttúrufræðistofnun benda á að lög um náttúruvernd nr. 60/2013 gilda jafnt í hafi sem og á landi þó ákveðin sérlög eins og t.d. lög um fiskeldi gildi sérstaklega um það. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á að í kafla 6.4.3. um slysaleppingar og erfðablöndun er ekki talin ástæða til að vísa til viðmiða í lögum um náttúruvernd t.d. um vernd tegunda eða hafa tilvísun í samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni (en það er gert í kafla 6.4.2). Í þessu sambandi er ástæða til að nefna sérstaklega erfðaauðlindir og vernd erfðaauðlinda. Vegna erfðaauðlinda má t.d. vísa í umsögn Erfðanefndar landbúnaðarins um frumvarp til laga um fiskeldi, sem framkvæmdaraðili vísar í kafla 3.3, og framkvæmdaraðila er vafalaust kunnugt um.

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda séu eftirfarandi lagagreinar og viðmið í lögum um náttúruvernd skoðuð þó þau ýmist geti átt við eða ekki:

Í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri matsvinnu sé skoðað hvernig framkvæmdir/rekstur samræmast almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (**Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir**) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. **Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd**, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útvist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., **63. grein um framandi lífverur** og svo kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúrufar og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: trausti@ni.is

